

Guðbjörg Þorvarðardóttir
Dýralæknir
Skólavörðustíg 35
101 Reykjavík

Reykjavík 28.febrúar 2019

Umsögn um ný drög að frumvarpi lyfjalaga Mál nr. S-52/2019

- Lagt er til að heimildir dýrlækna til reksturs lyfjasölu verði afnumdar.

Með þessu afnámi að leyfa dýralækum rekstur lyfsölu ,að minnsta kosti þeim sem stunda almennar dýralækningar, er mikil ógn við að halda uppi dýralæknaþjónustu á landsbyggðinni og aðgengi bænda að fá lyf í tíma. Er nú þegar erfitt fá dýralækna til starfa út á landsbyggðinni og mun geta valdið alvarlegum dýralækaskorti í sveitum landsins. Sú lyfjasala sem dýralæknar hafa haft hefur verið mikilvæg uppbót fyrir starfsemi dýralækna á strjálbýlli svæðum og grunnvöllur fyrir að hægt hafi verið að halda þar uppi þjónustu..

Á fjölmörgum svæðum eru ekki reknar lyfsölur eða einungis lyfsölur sem eru opnar á almennum vinnutíma og margar hverjar hafa ekki lyfjafræðing innan handa og hafa auk þess litla sem enga þekkingu á dýralyfjum.

Mun dýravelferð vera í alvarlegri hættu og einnig þeim sérstaka árangri í lyfjanotkun hjá dýrum ásamt ónæmi lyfja sem náðst hefur hérlendis sem má að mestum hluta þakka lyfjastefnu dýralækna og umgengni þeirra um afhendingu lyfja í gegnum árin.

Einnig mun slíkt afnám lyfsölu dýralækna stórauka magn lyfja á heimilum landsmanna þar sem dýraeigendur muna fá afhent mun meira magn af hverju lyfi við kvillum dýra sinna en nú er stundað við afhendingu lyfja frá dýralækna til dýraeiganda..

Með að dýralæknar missa sölu bóluefna og ormalyfja til dýra mun eftirlit og leiðbeiningar dýralækna til dýraeigandi stórlega minnka og notkun þeirra lyfja mögulega verða til skaða fyrir umhverfi okkar

Það eru lítil sjáanleg rök á bak við þessa breytingu þar sem notkun lyfja og afhending til dýra á Íslandi er ein sú besta sem þekktist í heiminum, sem ekki er hægt að segja því miður um mannalyfin. Að henda því fyrir róðra er alvarlegt umsugsunarefni..

XVII. KAFLI

Eftirlit.

77. gr.

Eftirlit og framkvæmd eftirlits

f. Leyfis til að selja lyf sem ætluð eru dýrum, sbr. 35. gr.

35. gr.er: Lyfsöluleyfi heilsugæslustöðvar. Lyfjastofnun er heimilt að veita lyfsöluleyfi til handa framkvæmdastjóra heilsugæslustöðvar á meðan engin lyfjabúð er starfrækt í því sveitarfélagi, eða í tilteknum þéttbýliskjarna innan sveitarfélagsins, sem heilsugæslustöðin þjónustar. Heimilt er að semja við utanaðkomandi lyfsöluleyfishafa um þjónustu af þessu tagi, þ.m.t. rekstur lyfjabúðar.

Hvað er hér á ferðinni?

83. gr.

Eftirlitsgjald.

Eftirfarandi aðilar skulu greiða eftirlitsgjald sem standa skal undir kostnaði við reglubundið eftirlit

Lyfjastofnunar:

2. Vegna starfsemi lyfjaframleiðenda, þ.m.t. blóðstöðva og blóðbanka, lyfjaheildsala, lyfjamiðlara, handhafa lyfsöluleyfis dýralækna og handhafa sérstakra leyfa til lyfsölu, 0,3% af heildarsölu lyfja (heildsöluverð án virðisaukaskatts) árið á undan álagningarári. Fjárhæð eftirlitsgjaldsins skal þó aldrei vera lægri en 116.870 kr. á ári.

3. Vegna starfsemi dýralækna, heilbrigðisstofnana og starfsstofa heilbrigðisstarfsmanna, 0,3% af heildarfjárhæð lyfjainnkaupa (heildsöluverð án virðisaukaskatts) árið á undan álagningarári. Fjárhæð eftirlitsgjaldsins skal þó aldrei vera lægri en 25.950 kr. á ári. 4

Hér er verið að setja gjald langt umfram umfang starfsemi dýralækna, sérstaklega eftir afnám lyfsölu að stærsta hluta og gera starfsemi dýralækna nær ómögulega á strjálbýlli stöðum ásamt að vera að skattleggja starfsemi dýralækna umfram aðra. Mun þessi skattheimta geta torvelað verulega áhuga dýralækna að hefja rekstur á mörgum svæðum.

Ekki getur verið ætlunin að allir dýralæknar séu eftirlitsskildir frekar en allir læknar eða tannlæknar. Hvort sem þeir eru með starfsaðstöðu eður ei.

Öll lyfsöluleyfi sem dýralæknar væru með er hluti af starfsemi dýralækna og nær oftast er lyfjasalan aðeins brot af lyfjainnkaupum dýralækna sem að stærsta hluta eru lyf sem dýralæknir notar við hans dýralæknastörf. Erfitt væri að aðgreina þessa starfsemi. Virðist hér eiga að setja tvennskona eftirlitsgjöld á dýralækna, eitt vegna lyfjaafhendingar og annað vegna starfsemi dýralækna. Lámargsgjald að upphæð 116870 kr væri margfalt hærra prósentuhluti hjá minni dýralæknastarfstöðvum en annarra. Myndi slík aukning gera starfstöðvum dýralækna víðsvegar um landið mjög erfitt fyrir og skekkja verulega samkeppnisaðstöðu þeirra ásamt rekstrargrundvelli.

IV. KAFLI

Markaðsleyfi lyfja.

11. gr. Markaðssetning lyfja.

Einungis er heimilt að markaðssetja hér á landi lyf sem Lyfjastofnun hefur veitt markaðsleyfi.

Um er að ræða ávísunarskyld lyf fyrir menn er jafnframt skilyrði að Lyfjastofnun hafi samþykkt hámarksverð í heildsölu og smásölu. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að selja hér á landi eftirfarandi lyf án markaðsleyfis:

e. Dýralyf sem eru eingöngu ætluð skrautfiskum, búrfuglum, bréfdúfum, landdýrum sem haldin eru í búrum, litlum nagdýrum sem haldin eru í búrum, frettum og kaninum sem eingöngu eru haldnar sem gæludýr, að því tilskyldu að lyf þessi innihaldi ekki efni sem útheimta að dýralæknir hafi eftirlit með notkun þeirra og að allar tiltækar ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir að þau verði gefin öðrum dýrum í leyfisleyfis.

Hvaðan kemur þessi grein? Var ekki áður..

Komu einhverjir dýralæknar að þessarri grein og hvaða tilgangi þjónar hún?

Eru nú frettur leyfðar á Íslandi og á lyfjasala dýra að fara í gegnum gæludýrabúðir samanber líka þennan eftirfarandi kafla

XVIII. KAFLI

Gjaldtaka.

82. gr.

Gjaldtaka samkvæmt gjaldskrá. Lyfjastofnun er heimilt að taka gjald fyrir:
15. Veiting leyfis til sölu dýralyfja samkvæmt e. lið 1. mgr. 11. gr.

Er þetta þá nýju lyfsölu dýralyfja?

83. gr.

Eftirlitsgjald.

Eftirfarandi aðilar skulu greiða eftirlitsgjald sem standa skal undir kostnaði við reglubundið eftirlit Lyfjastofnunar:

5. Handhafar leyfa til að selja lyf sem ætluð eru dýrum. (Gæludýrabúðir)

8. Dýralæknar sem fengið hafa leyfi fyrir lyfsölu. Hverjir eru það?

Þykir mér hér vera mjög hroðvirknislega unnið að þessum breytingum frá fyrri drögum og virðast hafa verið klastrað saman í flýti og hafa einn aðaltilgang að breyta lyfjasölu dýralyfja frá dýralæknum til lyfsala eða útibúa lyfjabúða með litla eða enga þekkingu á dýralyfjum og notkun þeirra sem og opna fyrir sölu og dreyfingu á hinum ýmsu lyfjum í gegnum gæludýrabúðir, þar sem allt eftirlit mun verða mjög erfitt ef ekki ógerlegt og þekking á dýralyfjum og áhættu er engin. Mun þá hinn góði lyfjastatus Íslands í dýralyfjum fjótlega hverfa og hættan á ónæmi lyfja stóraukast.



Guðbjörg Þorvarðardóttir
dýralæknir